
Ljósberarnir okkar

SKOÐUN KL 09:50, 25. NÓVEMBER 2013



INGA DÓRA PÉTURSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTÝRA UN WOMEN

SKRIFAR:

Í dag er alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi. Líkt og undanfarin ár stendur UN Women fyrir Ljósagöngu sem verður farin í kvöld klukkan sjö. Dagurinn markar upphaf 16 daga átaks til að vekja athygli á hinum ólíku birtingarmyndum kynbundins ofbeldis og afleiðingum þess.

Átakinu lýkur 10. desember á alþjóðlegum mannréttindadegi. Það er vissulega dapurlegt að við þurfum enn að hafa sérstakan dag tileinkaðan baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og hamra á þeirri illþyrmilegu staðreynd að ofbeldi gegn konum og stúlkum er útbreiddasta mannréttindabrot í heimi.

Mér fallast stundum hendur yfir gengdarlausu ofbeldi sem konur og stúlkur verða fyrir um heim allan. Það er mikilvægt að hafa í huga að kynbundið ofbeldi er hluti af samfélagslegu meini; ójafnri stöðu kynjanna.

En stundum verð ég líka orðlaus fyrir samtakamættinum sem við getum sýnt. Þann 14. nóvember tóku yfir eitt þúsund Íslendingar höndum saman og komu af stað fiðrildaáhrifum á Fiðrildafögnum UN Women, og lögðu þar sitt af mörkum til að bæta stöðu kvenna og stúlkna um allan heim.

Þrátt fyrir að við þurfum að leysa mörg vandamál hér á Íslandi, þá getum við sem samfélag verið stolt yfir stórstígum framförum í átt að jafnrétti undanfarna áratugi. Alþjóðaefnahagsráðið? hefur undanfarin fimm ár sagt að Ísland sé það land þar sem best er að fæðast sem stúlka og búa á sem kona. En í besta landi í heimi berast lögreglu tilkynningar um kynferðisbrot á hverjum einasta degi, þolendur nauðgana leita á neyðarmóttöku og í Kvennaathvarfinu dvelja konur og börn allan ársins hring sem hafa flúið ofbeldi á heimili sínu. Við eigum ekki að hætta baráttunni fyrr en að Kvennaathvarfið og neyðarmóttakan eru óþörf.

14. nóvember 1981 komu saman nokkur hundruð kvenna á Hótel Borg. Þær vissu ekki

að þær komu af stað fiðrildaáhrifum sem enn sér ekki fyrir endann á. Konurnar sem boðuðu til fundarins á Hótel Borg vildu kanna hug kvenna til að bjóða sig fram til borgarstjórnar. Út frá þessum fundi varð til Kvennaframboðið og síðar Kvennalistinn.

Þegar Kvennalistinn bauð fram til alþingiskosninga árið 1983 voru einungis 5% þingmanna konur en eftir kosningar varð hlutfall kvenna 15%. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að fyrir þann tíma höfðu aðeins 12 konur setið á Alþingi á sextíu árum.


Kvennalistakonur var ekki einungis umhugað að koma konum til valda, heldur lögðu þær ríka áherslu á samfélagsmál og bættu stöðu kvenna og barna. Í fyrsta skipti á Alþingi var fjallað um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, réttindi samkynhneigðra, fæðingarorlof og dagvistar- og skólamál.

Kvennaframboðið átti frumkvæði af því Kvennaathvarfið var sett á fót og Kvennalistakonur börðust fyrir því að rannsókn og meðferð nauðgunarmála yrði bætt og neyðarmóttakan var stofnuð. Þrátt fyrir að aðeins séu 30 ár síðan Kvennalistakonur komust inn á þing, hafa fyrir tilstuðlan þeirra unnist stórir sigrar í jafnréttismálum.

Við stöndum í mikilli þakkarskuld við Kvennalistakonur og allar aðrar baráttukonur á Íslandi. Þær eru ljósberar íslensks samfélags. Því munu stofnendur Kvennalistans verða ljósberar í Ljósagöngunni í kvöld. Höldum baráttunni áfram; kraftur, þor, von og barátta er það sem mun skila okkur betra samfélagi. Sjáumst í Ljósagöngunni!

Kynbundið ofbeldi er samfélagslegt mein

SKOÐUN KL 10:19, 26. NÓVEMBER 2013



GUÐNI R. JÓNASSON

RÁÐSKONA FEMÍNISTAFÉLAGI ÍSLANDS

SKRIFAR:

Eitt sinn þegar ég var á ráðstefnu í Lissabon datt ég í spjall við ungan mann frá Þýskalandi. Við áttum ánægjulegar samræður um heima og geyma eins og oft vill gerast á svona mannamótum. Hvað við ræddum er að mestu farið úr minninu og ekki man ég heldur hvað hann hét, en eitt var það þó sem ég gleymi ekki og hefur orðið til að móta mína

samfélagsvitund.

Í umræðu um möguleikann á stríði á meginlandi Evrópu í framtíðinni sagði hann: „Þýsk ungmenni verða að vera meðvituð um söguna og þá glæpi sem þau sem þjóð bera ábyrgð á“. Mér fannst þetta full djúpt í árinni tekið gagnvart þýskum ungmennum, sum hver fjórða eða fimmta kynslóð eftir seinna stríð - áttu þau að bera glæpi fortíðarinnar á bakinu líkt og þeirra væru glæpirnir? Ég gat ekki látið þetta kjurrt liggja og það ég hann því að skýra þetta nánar. Eftir að við höfðum brotist í gegnum tungumálamúrinn fékk ég skilið það sem hann átti við, sem er að öllum Þjóðverjum bæri skylda til þess að sjá til að svona voðaverk ættu sér ekki stað aftur. Blind sektarkennd skilaði engu en að horfast í augu við söguna, fara ekki í feluleik með það sem gerðist væri samfélagslega skylda, hvers og eins. Það væri líka nauðsynlegt að tala um hlutina, deila og fræða.

Mér hefur oft orðið þessi afstaða hans að umhugsunarefni og er það einnig nú þegar ég hugleiði 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi.

Ég ákvað að taka sömu afstöðu og þessi ungi maður, þ.e. þó ég beri sem einstaklingur ekki ábyrgð á kynbundnu ofbeldi sem fólk hefur orðið fyrir, þá álít ég að mér beri að beita mér fyrir því að slíkt lýðist ekki áfram. Ekki er það vegna þess að ég ætla mér hlutverk frelsarans heldur eigum við öll að bera sameiginlega ábyrgð á herðum okkar, kynbundið ofbeldi er samfélagslegt mein sem við getum einfaldlega ekki yppt öxlum

yfir. Það hefur áhrif á allt okkar líf, um það bil ein af hverjum fimm konum á Íslandi hefur orðið fyrir kynbundnu ofbeldi og því kemst þú ekki hjá því að þekkja manneskju sem brotið hefur verið á.

Því skora ég á alla karlmenn sem láta sig málin varða að taka afstöðu gegn ofbeldi, sýna kjark til að tala opinskátt um þessa hluti við feður, syni, bræður og féлага sína. Það hefur örugglega ekki farið framhjá neinum að umræðan í netheimum getur oft orðið ljót og leitast sumir við að stilla stöðunni upp í konur gegn karlmönnum. Ég neita að taka þátt í þess háttar umræðu. Það er þörf á karlmönnum til að leggja baráttunni lið með því að taka þátt í þeirri umræðu á vitrænan hátt. Hér á landi eru einnig þónokkur félagasamtök sem vinna að jafnrétti þar sem karlmönnum er mjög vel tekið. Sýnum að okkur stendur ekki á sama, breytum umræðunni og gerum samfélagið örlítið betra. Eins og afi Halldór sagði alltaf: „Það er bjart framundan.“

Höfundur er ráðskona í Femínistafélagi Íslands.

Gegn hernaðarhyggju og kynbundnu ofbeldi

SKOÐUN KL 09:25, 27. NÓVEMBER 2013



16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTÝRA JAFNRÉTTISSTOFU

SKRIFAR:

Í 23. sinn efna Sameinuðu þjóðirnar til 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. Að þessu sinni er aðalbaráttumálið að kveða niður hernaðarhyggju og það mikla ofbeldi sem henni fylgir. Það hefur lengi verið ljóst að hvers kyns átök, ekki síst hernaðaraðgerðir, ýta undir ofbeldi gegn konum og börnum og æ oftar er kynferðisofbeldi notað sem vopn í styrjöldum

þótt það sé stríðsglæpur.

Sem betur fer búum við Íslendingar ekki á átakasvæði en við finnum auðvitað fyrir áhrifum styrjalda við komu flóttamanna og hælisleitenda. Ótti við hryðjuverk hefur áhrif á líf okkar enda hefur hann leitt til fáránlegra nýsna og víðtæks eftirlits um allan heim. Átök hafa alvarlegar afleiðingar á efnahag heimsins og valda eyðileggingu á umhverfi og menningarverðmætum sem skerðir lífsgæði. Allt kemur þetta okkur við sem hluta af mannkyninu, hluta af heimsþorpinu.

Árið 2013 verður lengi í minnum haft vegna afhjúpana ríkissjónvarpsins á kynferðisofbeldi gegn börnum, ekki síst drengjum, en það hefur löngum legið í þagnargildi hér á landi. Á eftir fylgdu hræðilegar sögur fólks sem sótti skóla kaþólsku kirkjunnar og því miður á eflaust eftir að fletta hulunni af margvíslegum ofbeldisglæpum gegn börnum, t.d. fötluðum börnum. Það síðastnefnda kom í ljós í skýrslu um ofbeldi gegn fötluðum konum sem birt var á árinu en þær skelfilegu frásagnir eru að öllum líkindum aðeins toppurinn á ísjakanum. Nú síðast sagði rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir frá sinni skelfilegu reynslu, nauðgun sem hún varð fyrir sem barn og hefur mótað líf hennar æ síðan.

Stjórnvöld brugðust við og skipuðu nefnd sem lagði fram ítarlegar tillögur um aðgerðir. Þáverandi ríkisstjórn samþykkti aðgerðaáætlun til að bregðast við kynferðisofbeldinu og brýnt er að fylgja henni eftir. Einnig stóðu þrjú ráðuneyti fyrir

vitundarvakningu sem m.a. fólst í því að efnt var til funda með kennurum, starfsfólki heilbrigðisþjónustu og öðrum sem koma að málefnum barna.

Þessi mikla umræða hafði margvíslegar afleiðingar. Velferðarráðherra skipaði samstarfshóp um aðgerðir gegn ofbeldi í nánum samböndum og aðsókn að meðferðarúrræðinu Karlar til ábyrgðar stórjókst. Sama gerðist hjá þeim samtökum sem sinna aðstoð við brotþola kynbundins ofbeldis. Það er gott hve margir leita sér aðstoðar ýmist til að losna úr viðjum langvarandi þagnar og þöggunar eða til að stöðva ofbeldishegðun. En betur má ef duga skal. Umræðan verður að halda áfram því tölur Kvennaathvarfsins, Stígamóta og annarra sem vinna gegn ofbeldi leiða í ljós hve kynbundið ofbeldi er útbreitt, margþætt og kynjað.

Konur og stúlkur eru yfirgnæfandi meirihluti brotþola og karlar mikill meirihluti þeirra sem beita ofbeldi, líka gagnvart drengjum og öðrum körlum. Þarna er á ferð ævagömul ofbeldismenning sem sem þarf að kveða niður með öllum tiltækum ráðum. Það verður að stöðva ofbeldismennina. Það á enginn rétt á að níðast á annarri manneskju, andlega eða líkamlega. Það hjálpar ekki hve útbreidd klámnotkun drengja er en klámið niðurlægir og afmennskar bæði konur og karla. Það er því mikið verk að vinna við að fræða almenning, mennta fagstéttir, verja börnin, tryggja öryggi brotþola og fá ofbeldismenn til að fara í meðferð. Markmiðið hlýtur að vera samfélag án kynbundins ofbeldis.

Kemur þér það við? – Að segja frá...og vera trúað...gefur von

SKOÐUN KL 09:19, 28. NÓVEMBER 2013



SIGRÚN SIGURÐARDÓTTIR

LEKTOR VIÐ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

SKRIFAR:

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er ofbeldi alvarlegt heilbrigðisvandamál. Allar þjóðir heims eru hvattar til að styrkja og auka forvarnir gegn ofbeldi og koma því markvisst inn í mennta-, félagsmála-, laga- og heilbrigðiskerfið og mikilvægt er að hefja forvarnir snemma.

Einstaklingur sem beittur er ofbeldi getur orðið fyrir sálrænu áfalli og upplifað langvarandi streitu, afleiðingar þess geta verið mjög alvarlegar eins og áfallastreituröskun, ýmis geðræn vandamál s.s. þunglyndi, kvíði, persónuleikaröskun o.fl.; hegðunar- eða félagsleg vandamál s.s. lágt sjálfsmat, erfiðleikar með tengslamyndun, náin sambönd og kynlíf, sjálfsvígshugsanir og áfengis- og vímuefnavandamál. Flókin sálvefræn einkenni geta einnig komið fram s.s. verkir, vefjagigt, svefnvandamál, síþreyta og fleira.

Langvarandi streita bælir ónæmiskerfið og hefur þar af leiðandi áhrif á þróun ýmissa sjúkdóma og heilsufarsvandamála, þess vegna getur ofbeldi haft áhrif á þróun sjúkdóma og heilsufarsvandamála. Ofbeldi hefur því ekki aðeins áhrif á einstaklinginn sem fyrir því verður, einnig fjölskyldu og vini og litar allt samfélagið. Afleiðingarnar geta einnig verið gífurlega kostnaðarsamar fyrir þjóðfélagið vegna örorku, lyfja, rannsókna, aðgerða, afbrota og ýmissa meðferða.

Efla þarf fræðslu

Því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi og byrja við upphaf hvers lífs, í móðurkviði, í mæðravernd. Auka fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks sem starfar með foreldrum sem eiga von á barni og þeirra sem koma til með að sjá um eftirlit í framhaldinu. Efla fræðslu til kennara, skólastarfsfólks og skólahjúkrunarfræðinga. Stórum hluta dagsins eyða börnin okkar í skólanum, þar gefst kennurum og skólastarfsfólki kjörið tækifæri til að aðstoða þau börn sem búa við eða hafa orðið fyrir ofbeldi.

Á endalaust að auka ábyrgð kennara? Er þetta ekki ábyrgð foreldra? Vissulega er

Þetta ábyrgð foreldra en þær aðstæður geta skapast hjá börnum að ofbeldi á sér stað á heimilinu, barnið finnur ekki öruggt skjól og fær ekki stuðning, barnið getur ekki stundað félagsstörf, er lagt í einelti, á enga vini. Hvert á barnið að leita? Kennarinn eða heilbrigðisstarfsmaðurinn gæti verið eina manneskjan í lífi barnsins sem það treystir og getur leitað til.

Fagfólk sem velur að vinna með börnum og fjölskyldum þeirra, ber samfélagslega og siðferðilega ábyrgð á að vera til staðar fyrir barnið og fjölskylduna. Það á að vera hluti menntunar kennara, heilbrigðis- og félagsmálastarfsfólks, presta, lögreglu o.fl. að þekkja einkenni, áhættu og afleiðingar alls kyns ofbeldis, vita hvernig skal bregðast við og hvert skal leita.

Við fullorðna fólkið berum ábyrgð á börnum okkar, í lífi allra geta þó skapast aðstæður þar sem einstaklingur missir tökin, er ekki til staðar fyrir barnið sitt eða sína nánustu, þá er það ábyrgð samfélagsins að bregðast við.

Gætum að því hvernig við tölum, ef við gefum í skyn að við séum komin með nóg af öllu tali um ofbeldi og getum ekki hugsað okkur að hlusta á þá umræðu, er mjög ólíklegt að börn okkar eða vinir í vanda leiti til okkar, því þau leggja ekki meira á okkur.

Hugsum áður en við tölum og munum að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

JÁ, þér kemur það við

Greinarhöfundur verður með fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri í dag (fimmtudaginn 28. nóvember) kl. 12.10, um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku fyrir heilsufar og líðan: er munur á stelpum og stráku? í tilefni af 16 daga áttakinu gegn kynbundnu ofbeldi. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

Hvaða afleiðingar hefur klámvæðing?

SKOÐUN KL 09:13, 29. NÓVEMBER 2013



16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi

GLÓDÍS INGÓLFSDÓTTIR

NEMI Í KYNJAFRÆÐI VIÐ VERKMENNTASKÓLANN Á AKUREYRI

SKRIFAR:

Á síðustu árum hefur klámvæðing vaxið hratt í samfélaginu okkar og nær alltaf til yngri hópa. Klám er farið að smeygja sér inn í okkar daglega líf án þess að við tökum eftir því. Sá hópur fólks sem verður fyrir mestum áhrifum af klámvæðingu er unglingar. Nánast allt afþreyingarefni sem höfðar til unglunga er klámvætt á einhvern hátt. Má þar nefna tónlistarmyndbönd, sjónvarpsþætti, tölvuleiki o.s.frv. Það er þó óhætt að segja að netið sé þar fremst í flokki.

Flestir, ef ekki allir unglingar á Íslandi nota netið á einn eða annan hátt og þó ætlunin sé ekki að skoða klám þá er hreinlega erfitt að komast hjá því þar sem vafasamar auglýsingar er að finna alls staðar á netinu og auðvelt að villast óvart inn á síður sem sýna einhvers konar klám. Skilaboðin sem verið er að senda unglingum eru að klám sé raunverulegt, eðlilegt og í góðu lagi.

En hvað er klám? Klám er skilgreint sem efni sem sýnir kynlíf/kynfæri í tengslum við misnotkun eða niðurlægingu á einhvern hátt. Klám inniheldur oft ofbeldi og sendir þau skilaboð að það sé í lagi að beita ofbeldi og að það sé hluti af eðlilegu kynlífi. Einnig vilja margir meina að klám leiði til þess að fólk sem horfir á það fái brenglaðar hugmyndir um kynlíf. Þess vegna er mikilvægt að unglingar fái fræðslu um muninn á klámi og kynlífi svo að þeir átti sig á því hvar mörkin liggja.

Ef ætlunin er að berjast fyrir jafnrétti á Íslandi er ekki á sama tíma hægt að samþykkja klám og leyfa klámvæðingunni að halda áfram að aukast. Klám sýnir konur oft á niðurlægjandi hátt þar sem þær eru á valdi karla og fá sjálfar engu að ráða um hvað er gert við þær. Með þessu er verið að samþykkja að konur séu á valdi karla og að niðurlægning á konum, og fólki yfirhöfuð sé í lagi.

Auglýsingar sýna oft mjög fáklætt fólk og sum tónlistarmyndbönd eru orðin það gróf að maður gæti alveg eins verið að horfa á atriði úr klámmynd. Er virkilega nauðsynlegt að sýna fáklæddar eða naktar manneskjur til þess að fá fólk til að horfa á tónlistarmyndbönd eða kaupa einhverja ákveðna vöru? Viljum við að börn hafi greiðan aðgang að klámi og að unglingar læri að ofbeldi, valdbeiting og niðurlæging sé hluti af eðlilegu kynlífi? Klámvæðing hefur áhrif á okkur öll. Ef við samþykkjum þá röksemd að umhverfi okkar hafi áhrif á okkur, þá er líklegt að svo sé einnig um klámvæðinguna. Sumir haldi því fram að nauðganir og ofbeldi tengist klámi, þar sem klám sendir þau skilaboð að kynlíf án samþykkis sé í lagi.

Til þess að minnka klámvæðinguna þurfa fjölmiðlar, þáttagerðarmenn og auglýsendur að taka sig á. En við þurfum líka að líta í eigin barm. Við þurfum að vera meðvituð um að þetta er vandamál og við þurfum vilja til þess að breyta þessu. Það þarf að auka fræðslu á þessu málefni bæði hjá fullorðnum og unglungum.

Orðsending til íslenskra karlmannna

SKOÐUN KL 06:00, 30. NÓVEMBER 2013



HRAFNHILDUR RAGNARSDÓTTIR

STJÓRNARKONA Í KVENRÉTTINDAFÉLAGI ÍSLANDS

SKRIFAR:

Mig langar að útskýra aðeins fyrir þér hvernig heimurinn lítur út frá mínum sjónarhóli. Í mínum heimi vofir stöðug hætta yfir. Ég þarf stöðugt að gæta mín á hvert ég fer og hvenær, hvernig ég lít út, við hvern ég tala og hvernig ég kemst heim. Þessar áhyggjur hefjast strax og ég er komin með nægt vit til að ráða mér sjálf. Ég þarf alltaf að gæta þess hvaða skilaboð ég gef frá mér því ég veit aldrei hvernig hinn aðilinn les úr þeim. Ég er oft kölluð ljótum nöfnum ef ég læt skoðanir mínar í ljós, stundum svo ég heyri til, stundum ekki.

Ég bý í landi þar sem dómskerfið er ekki skapað til að verja fólk eins og mig og ég þarf að treysta á lögregluþjóföld þar sem alvarleg kynferðisleg áreitni og einelti viðgengst gagnvart konum. Ég starfa á vinnumarkaði þar sem ég fæ minna greitt en þú bara vegna þess að ég fæddist af öðru kyni og er ólíklegri til þess að komast áfram í starfi, alveg sama við hvað ég vinn.

Ef (þegar) ég eða vinkonur mínar verðum fyrir kynbundnu ofbeldi megum við segja frá því þeim sem vilja heyra. En við megum ekki segja hver beitti því. Þá gætum við skaðað orðspor eða jafnvel eyðilagt líf karlmanns.

Í mínum vinkvennahópi eru 11 konur. Þrjár þeirra búa við eða hafa búið við heimilisofbeldi af hálfu maka. Tveimur hefur verið nauðgað og ein var misnotuð sem barn. Ótrúlegt en satt er þetta algilt og jafnvel verra samkvæmt tölfræði um kynbundið ofbeldi.

Við vitum að ofbeldi gegn konum er alþjóðlegt vandamál. Við heyrum fréttir frá löndum þar sem geisar stríð og nauðganir á konum er eitt af stríðsvopnum andstæðinganna. En það er ekki bara stríð í útlöndum og nauðgunum er ekki bara

beitt sem vopni annars staðar. Það ríkir líka stríð gegn konum hér, en það fer fram hljóðlaust innan veggja heimilanna, heimila kvennanna sjálfra eða þar sem þær koma sem gestir. Kynferðislegt ofbeldi er mjög áhrifaríkt vopn til að halda konum niðri. Í stað þess að elta drauma sína eyðir stór hluti kvenþjóðarinnar góðum hluta lífsins í að vinna úr áfallinu að vera beitt kynferðislegu ofbeldi sem hefur í ofanálag engar afleiðingar fyrir þann sem beitti því.

Þetta er minn heimur en þú þekkir hann víst ekki neitt. Samt skapaðir þú hann ásamt bræðrum þínum. Þú ert í raun mín ógnarstjórn. Ég biðla því til þín að breyta hegðun þinni og þar með heimsmynd minni. Þú getur byrjað á sjálfum þér og svo bræðrum þínum. Ég veit og vona að þú sem ert búinn að lesa svona langt hafir áhuga á breytingu. Að gera samfélagið öruggara fyrir konur. Að litlu stelpurnar í dag geti strokið sér frjálst um höfuð þegar þær verða stórar. Stöndum saman um að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

Er það þess virði að hafa klám sem fyrirmynd?

SKOÐUN KL 06:00, 02. DESEMBER 2013



VMA NEMAR

SKRIFA:

Inngangur: Valgerður Dögg Jónsdóttir
lífsleiknikennari

Í Verkmenntaskólanum eru allir nýnemar í áfanga sem kallast Lífsleikni. Þar kynnst nemendur t.d. innviðum skólans og starfsháttum, starfsfólki og félagslífi.

Lífsleiknihóparnir eru margir og hver þeirra á

sinn umsjónarkennara. Nemendur fá einnig tækifæri til að búa sig undir þátttöku í samfélaginu með því að efla enn fremur félagslega færni og siðferðiskennd. Við ræðum m.a. um sjálfsmynd og það sem hefur áhrif á hana og ábyrgð hvers og eins á eigin hugsunum, skoðunum og gjörðum.

Í lífsleiknitímum gefst gott tækifæri til að taka fyrir málefni sem eru í deiglu samfélagsins hverju sinni og því fjölluðum við um 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi, sem stendur frá 25. nóvember til 10. desember ár hvert um allan heim. Í þeirri kennslustund ákváðu nemendur að taka þátt í kyndlagöngu á vegum átaksins 25. nóvember og svo beindust umræðurnar að klámi í nútímasamfélagi og hvort og þá hvaða áhrif það getur haft á sambönd ungs fólks.

Það er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að viðra skoðanir sínar og taka þátt í umræðum um öll þau málefni sem samfélagið stendur frammi fyrir hverju sinni. Með umræðum sem þessum verða nemendur okkar virkir þátttakendur. Átak sem þetta kallar eftir skoðunum þeirra og hvetur til beinnar þátttöku í samfélaginu og því fá nemendur tækifæri til að láta raddir sínar heyrast og með þeim hætti að hafa hugsanlega áhrif á umræðuna sjálfa og mótun samfélagsins. Nemendurnir höfðu ólíkar hugmyndir og því fóru af stað miklar rökræður sem leiddu svo til ákveðinnar niðurstöðu sem allir gátu verið sáttir við. Hér kemur þeirra niðurstaða:

Klám gefur ekki rétta mynd af kynlífi eða ástarsambandi. Pizzasendillinn hefur ekki leyfi til að koma inn og stunda kynlíf með þér þegar þú pantar pizzu. Maður er heldur ekki að fara að stunda kynlíf með sömu konu eða sama karli og 500 aðrir hafa verið með rétt á undan. Maður hefur ekki leyfi til að neyða einhvern til að gera eitthvað sem hann ekki vill. Allt klám er sviðsett, þetta eru fantasíur sem ekki gerast í alvöru.

Þegar persónur eru í góðu sambandi, þarf að ríkja traust á milli þeirra, þær þurfa að vera hreinskilnar hvor við aðra, tala saman, finna fyrir ástríðu, og ekki skammast sín. Þetta sést ekki í klámi.

Þegar maður byrjar í sambandi og veit að hinn aðilinn hefur horft mikið á klám hefur maður áhyggjur af því að maður standist ekki þær kröfur sem gerðar eru í þessum myndum og jafnvel tónlistarmyndböndum. Að maður hafi ekki nógu stór brjóst eða nógu stórt typpi, ekki nógu mjó/r eða vöðvastælt/ur eða kunna ekki allar stellingar sem sýndar eru í þeim. Bæði strákar og stelpur geta haft þessar áhyggjur.

Við segjum að hver og einn þurfi að hafa sjálfstraust til að gera það sem hann telur rétt en ekki að herma eftir einhverju öðru sem hann hefur séð, þá getur maður verið í heilbrigðu sambandi. Að tala saman og komast að því hvað báðir aðilar vilja gera saman, það er gott samband.

Agnar Geirsson, Ari Þórðarson, Breki Þór Jónsson, Dagrún Líf Valgeirsdóttir, Davíð Gísli Davíðsson, Ewelina Paulina Mozejko, Haukur Örn Halldórsson, Hákon Þór Tímasson, Kristófer Orri Atlason, Pathara Puttharat, Sigurður Andrés Sverrisson, Snorri Guðröðarson, Thelma Björk Sævarsdóttir og Þorri Guðmundsson

Er "frá friði heima fyrir til heimsfriðar" bara draumur?

SKOÐUN KL 13:24, 03. DESEMBER 2013



ANGELIQUE KELLEY

Í STJÓRN SAMTAKA KVENNA AF ERLENDUM UPPRUNA Á ÍSLANDI

SKRIFAR:

Alþjóðlega herferðin, 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, hefur þema sem margir Íslendingar hafa sem betur fer ekki þurft að upplifa og munu vonandi aldrei upplifa. Herferðin „Frá friði heima fyrir til heimsfriðar: Ögrum herstjórnun og endum ofbeldi gagnvart konum!“ frá árinu 2013 samsvarar ef til vill ekki hversdagsleika Íslendinga með vísuninni í

herstjórnun, en hvað varðar ofbeldi gegn konum er það því miður sár sannleikur.

„Frá friði heima fyrir til heimsfriðar“, í fullkomnum heimi þyrftum við ekki að láta okkur dreyma um að slík staðhæfing samsvaraði raunveruleikanum. Þó að herstjórnun sé ekki þekkt á Íslandi eru óvissa og efnahagserfiðleikar kunnug Íslendingum. Fyrir margar konur á Íslandi er „Friður heima fyrir“ einungis draumur. Þó að efnahagserfiðleikar valdi ekki ofbeldi gagnvart konum getur ákvörðunin um að fara úr ofbeldisfullu sambandi jafnvel verið erfiðari.

Þetta á sérstaklega við konur af erlendum uppruna sem búa á Íslandi með ekkert tengslanet og enga fjölskyldu til að leita til þegar á reynir. Alltof oft þekkja þessar konur ekki rétt sinn eða hvaða hjálp er í boði og hvert skal leitað. Þegar kona vegur og metur ákvörðunina um að flýja orbeldisfullt samband verður hún að íhuga nýjan dvalarstað. Í núgildandi lögum um fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur er útreikningur miðaður við laun beggja aðila. Ofbeldisfullir makar gera það oft erfitt fyrir að sækja um skilnað eða skilnað að borði og sæng og draga ferlið eins langt og hægt er. Það er ekki óalgengt að þetta ferli taki um eða yfir ár. Þetta þýðir að konur geta oft ekki farið úr athvarfinu þar sem að þær einfaldlega hafa ekki efni á því. Núgildandi lögum um félagsþjónustu verður að breyta.

Síðastliðið ár hafa örlátir sjálfboðaliðar Samtaka kvenna af erlendum uppruna unnið að jafningjaráðgjöf. Jafningjaráðgjöfin er ókeypis, trúnaðar er gætt og stendur hún

öllum konum af erlendum uppruna sem búa á Íslandi til boða á þriðjudags kvöldum kl 20:00 frá september til júní á skrifstofu okkar að Túngötu 14 í Reykjavík. Ráðgjafar okkar tala mörg tungumál og er enska og íslenska í boði öll kvöld. Einnig höfum við pólsku, serbnesku, litháeísku og tælensku svo dæmi séu nefnd. Við höfum boðið upp á þessa þjónustu svo konur af erlendum uppruna geti nálgast upplýsingar á eigin tungumáli og til að leiða þær í rétta átt svo að þær geti sótt sér aðstoð eða lausnir við sérþörfum eða spurningum sínum.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, sjálfbóðaliðasamtök fyrir erlendar konur sem búa á Íslandi reyna að ná til allra kvenna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Samtökin voru stofnuð árið 2003 og héldu nýlega upp á 10 ára afmæli sitt. Markmið okkar fyrir framtíðina er að halda áfram að vinna hörðum höndum að því að sameina, tjá og ræða áhugamál og málefni kvenna af erlendum uppruna og til þess að koma á jafnrétti fyrir þær sem konur og sem útlendingar á öllum sviðum samfélagsins.

Karlaheimur

SKOÐUN KL 06:00, 05. DESEMBER 2013



STEFÁN MÁNI

RITHÖFUNDUR

SKRIFAR:

Einu sinni sem oftár fór ég með bílinn á dekkjaverkstæði. Ef til er erkitýpískur karlastaður þá komast verkstæði ansi nærri því. Þegar ég kom inn í afgreiðsluna voru tveir aðrir viðskiptavinir að bíða þess að röðin kæmi að þeim, karl og kona. Svo bættist enn einn karlinn við.

Karlinn sem var á undan mér fékk afgreiðslu, röðin var sem sagt komin að konunni. Hún stóð þen og stillt upp við vegg, næstum inni í horni, og beið þolinmóð. En þegar afgreiðslumaðurinn birtist beinir hann athyglinni að mér en ekki konunni.

„Ég er ekki næstur,“ segi ég en hef varla sleppt orðinu þegar sá sem er á eftir mér í röðinni nær athygli afgreiðslumannsins. Konan fórnar höndum en enginn tekur eftir því. Þegar afgreiðslumaðurinn ætlaði svo að afgreiða mig næst þurfti ég að benda honum kurteislega á konuna, sem var orðin rauð í framan af reiði eða skömm. Þetta er örugglega ekki mest sláandi saga sem heyrst hefur um kynbundið ofbeldi, enda langt frá því að vera safarík – ekkert blóð, engir marblettir, ekki einu sinni brotin sál eða tár á vanga.

En þetta atvik opnaði augu mín, ég fór að horfa öðruvísi í kringum mig. Það sem ég sá var ekki óframfærin kona eða dónalegur karl heldur birtingarmynd hugarfars – ég sá hvernig karlar hugsa ómeðvitað, hvernig þeir hegða sér, og ég sá stað konunnar í heimi karla, þögla og ósýnilega inni í horni. Ég fór að sjá þessa sömu hegðun alls staðar – karlar ota sér fram, vaða yfir allt og alla, á meðan konur stíga til hliðar, sýna þolinmæði og kyngja niðurlægingunni. Svo ég alhæfi: Karlar eru aggressívir og konur passívar. Við erum Homer Simpson, þið eruð Marge. Ég er karl, ég er líka svona í eðli mínu, en eftir að hafa áttað mig á því fór ég að breyta hegðun minni meðvitað.

Kvenleg gildi í hávegum

Hvað er ég að segja? Að dónaskapur sé ofbeldi og að jafnrétti kynjanna felist í að sýna

tillitssemi? Eigum við að fara aftur að opna bíldyr og tríta dömurnar eins og prinsessurnar sem þær eru? Nei, það er ekki málið. Það væri bara óskandi að karlmenn átti sig á að þeir eru yfirgangssamir og að frekja þeirra bitnar á öðrum. Sá freki á ekki að hafa forgang, hans skoðanir eru ekki endilega réttar og hans aðferð ekki sú besta.

Við lifum í karlaheimi. Karlar eru með hærri laun, þeir stjórna fyrirtækjum og leiða þjóðir. Þeirra aðferð er að tala hátt, gera lítið úr andstæðingum og standa við þvermóðskulegar skoðanir sínar hvort sem þær eru réttar eða rangar. Þær fáu konur sem komast að hafa tileinkað sér meira eða minna leikreglur og hugsanagang karla – t.d. Margaret Thatcher.

Ég vil frekar sjá kvenleg gildi í hávegum. Ég vil sjá fyrirtæki, borg eða landi stjórnað af skynsemi, heilindum og af varfærni. „Boring!“ segir Homer Simpson. En konur fara ekki í stríð! Í karlaheiminum eiga konur að hlýða, þær þurfa að þola niðurlægingu, ofbeldi og skömm. Auk þess að vera ósýnilegar á dekkjaverkstæðum, nema þær séu naktar á dagatali uppi á vegg.

Ertu ekkert hrædd?

SKOÐUN KL 06:00, 06. DESEMBER 2013



SIGPRÚÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTÝRA SAMTAKA UM KVENNAATHVARF

SKRIFAR:

Það er ekki alveg það sama; að vita og að skilja. Í sjö ár hef ég unnið í Kvennaathvarfinu og á þeim tíma hef ég lært margt um heimilisofbeldi og áhrif þess á börn. Ég hef setið, kannski ekki hundrað milljón fundi (en mér finnst stundum að það hljóti að vera nærri lagi), fyrirlestra og ráðstefnur, hef lesið ótal skýrslur og greinar um málið, horft á fræðslumyndir og hangið á netinu tímunum saman við að afla mér þekkingar.

Ég hef talað við hundruð kvenna sem hafa búið við ofbeldi bæði sem börn og á fullorðinsárum og sem hafa alið upp sín börn á ofbeldisheimilum. Ég hef talað við mörg af þessum börnum.

Sumt af þessu hefur skilað mér þekkingu, annað síður og ég geri mér ekki grein fyrir því hvenær ég lærði hvað um áhrif ofbeldis á börn en ég man nákvæmlega hvenær ég skildi.

Það var vetur, það var dimmt og það rigndi. Ég var að tygja mig til heimferðar úr athvarfinu. Það var hlýtt og fjörugt inni í húsinu og það var að bresta á pitsuveisla. Einn strákurinn var ósáttur við það að ég væri að fara og var greinilega búinn að gleyma því að ég hafði þurft að skammast aðeins í honum fyrr um daginn. Hann spurði hvort ég ætlaði ekki að borða með þeim og ég sagði honum að ég væri að fara heim.

Hann varð undrandi og svolítið skelkaður. „Heim“, sagði hann, „ertu ekkert hrædd?“ Og ég horfði í brúnustu augu í heimi og áttaði mig á því að þau höfðu séð ýmislegt sem væri bannað börnum ef það væri sjónvarpsefni. Þau höfðu séð svo hræðilega hluti að ég gat ekki ímyndað mér þá, gat ekki ímyndað mér angist hans og ótta.

Skelfingu lostin

Og mig langaði til að útskýra fyrir honum að vissulega væri ég pínulítið skelkuð á

hjólinu í myrkrinu, sérstaklega þar sem ég hafði trassað að setja almennileg ljós á það en að heima hjá mér væri ekkert að óttast. Að þannig séu heimili; þar eigi fólk ekki að óttast neitt hversu hræðilegur sem heimurinn er fyrir utan. Mest af öllu langaði mig til að lofa honum að næst þegar hann færi heim, þá þyrfti hann ekki að vera hræddur en það loforð hefði ég ekki getað staðið við.

Þetta kvöld skildi ég loksins almennilega að á Íslandi búa börn sem eru hrædd við að fara heim. Þau eru skelfingu lostin í eldhúsinu, í stofunni og undir sænginni sinni. Þau eru hrædd við að koma heim en líka hrædd við að fara að heiman af því að það getur svo hræðilega margt gerst á meðan þau eru í burtu. Kannski gerist einmitt það skelfilegasta af öllu þegar þau eru í örygginu á skólalóðinni, að paufast yfir Kringlumýrarbrautina í síðdegisumferðinni eða alein á heimleið í strætó.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið á Íslandi, segir að vernda skuli öll börn gegn hvers kyns ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu. Það markmið hefur okkur ekki tekist að uppfylla.

Kynferðisofbeldi er hvergi og aldrei ásættanlegt!

SKOÐUN KL 06:00, 06. DESEMBER 2013



BRYNDÍS BJARNADÓTTIR

HERFERÐA-OG AÐGERÐASTJÓRI ÍSLANDSDEILDAR AMNESTY
INTERNATIONAL

SKRIFAR:

Þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gegn konum, hófst 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi í 23. sinn. Frá upphafi hefur 16 daga átakið haft þann tilgang að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot og styðja þolendur í að leita réttar síns.

Átakið hefur jafnframt verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Í ár eins og síðasta ár, beinir 16 daga átakið sjónum sínum sérstaklega að kynbundnu ofbeldi í stríði og vopnuðum átökum.

Konur hafa verið í broddi fylkingar í mótmælunum í Egyptalandi allt frá upphafi byltingarinnar þann 25. janúar árið 2011. Þær hafa hins vegar þurft að gjalda hugrekki sitt dýru verði. Kynbundið ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, jókst til muna í kjölfar mótmælanna, bæði af hendi öryggissveita landsins og einstaklinga.

Fjöldamótmæli brutust út í landinu þann 30. júní 2013 þegar Mohamed Morsi hafði gegnt forsetaembætti í eitt ár. Mikil harka hljóp í átökin á milli stuðningsmanna forsetans og andófsmanna, og tilkynnt var um fjölda kynferðisbrota gegn kvenmótmælendum á Tahrír-torgi í Kaíró. Flest þeirra voru mjög hrottafengin. Blóðug átök náðu hámarki næstu daga á eftir og talið er að 186 kvenmótmælendur hafi orðið fyrir árás í nágrenni við Tahrír-torg frá 30. júní til 3. júlí.

Skurðaðgerð eftir nauðgun

Egypskum samtökum (OpAntiSH) sem berjast gegn kynferðisofbeldi og áreitni, barst fjöldi tilkynninga um kynferðisárásir á konur í nágrenni við Tahrír-torg á tímabilinu. Að minnsta einn þolandi kynferðisofbeldis þurfti að gangast undir skurðaðgerð í kjölfar ofbeldisins og margar aðrar konur þurftu á lækniástoð að halda. Sú sem gekkst undir skurðaðgerðina var 22 ára hollensk blaðakona en fimm menn nauðguðu henni á hrottafenginn hátt meðan á mótmælum stóð.

Samkvæmt vitnisburði þolenda og þeirra sem reyndu að koma þeim til bjargar voru árásirnar á þá lund að tugir ef ekki hundruð karlmannanna umkringdu konurnar, rifu af þeim fötin, káfuðu á brjóstum og öðrum líkamspörtum, og girtu niður um sig. Spýtum, hnífum og öðrum vopnum var iðulega beitt í árásunum, bæði gegn þolendum og þeim sem reyndu að koma þeim til aðstoðar.

Stríðandi stjórn málaöfl í landinu hafa látið undir höfuð leggjast að fjalla um árásirnar nema í því augnamiði að koma óorði á andstæðinga sína. Hvorki liðsmenn Bræðralags múslíma né annarra stjórn málaafra hafa talað gegn hrottafengnu kynferðisofbeldi gegn konum í landinu.

Amnesty International skorar á yfirvöld í Egyptalandi að senda út skýr skilaboð þess efnis að kynferðisofbeldi og kynbundið ofbeldi verði ekki lengur liðið í landinu og að gerendur verði sóttir til saka. Stjórnvöld verða fyrirvaralaust að fordæma allt kynferðisofbeldi og alla mismunun gegn konum í landinu og binda enda á refsileysi sem hingað til hefur viðgengist gagnvart brotum af þessu tagi.

Nektardans á ekki að vera afþreying

SKOÐUN KL 06:00, 07. DESEMBER 2013



BALDVIN ÞORMÓÐSSON

HÁSKÓLANEMI

SKRIFAR:

Starfsemi kampavínskúbba hefur verið í deiglu undanfarið. Af hverju? Kampavínskúbbar eru leifar feðraveldis. Gamaldags hugsunarháttar sem setur konur skör lægra í virðingarstiganum en karla. Á kampavínskúbbum er mönnum boðið upp á að kaupa nektardans sem hefur verið hluti af kynlífsiðnaði heimsins alveg síðan kynlíf var iðnvætt á dögum þrælahalds. Í nútímanum ætti nektardans því í raun alls ekki að vera afþreying.

Í minni kreðsu og ákveðinnar deildar innan Háskólans virðist það viðhorf ríkjandi að ekkert sé að því að stunda kampavínskúbba svo lengi sem það er í þeim tilgangi að „skemmta sér með vinum“ og ekkert annað en einkadansinn sé keypt. Sumir, innan þessarar kreðsu, ganga jafnvel svo langt að segjast vera á móti kampavínskúbbum en þeir fari bara upp á grínið og stemninguna.

Ef þú styrkir starfsemi staðanna með því að fara þangað og eyða pening þá ertu hluti vandans.

Hvernig fáum við karla til að breyta þessu viðhorfi sínu til kvenlíkamans? Þeir karlmenn, og óbeinir talsmenn starfseminnar, sem ég hef rætt við hafa gefið mér loðin svör um ástæður sem liggja að baki ásókn í svona starfsemi. Einn þeirra sagði mér að hann þyldi illa angistina í augum kvennanna en hann stundaði staðina samt án þess að vita hvers vegna. Gefur það eitt og sér ekki vísbendingu um hversu djúpt er á feðraveldinu?

Snýst um völdin

Margoft hefur komið fram að tölfræði bendi til að margar kvennanna sem snúa sér að nektardansi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á lífsleiðinni. Hvernig er hægt að vera meðvitaður um eitthvað slíkt og kjósa að líta fram hjá því? Konur sem hingað koma, koma oftast en ekki frá löndum þar sem neyð þeirra hrakti þær í sölu á líkama sínum. Ég spyr aftur; hvernig er hægt að vera meðvitaður um slíkt og kjósa að misnota þá neyð? Ef nektardans væri sú ákjósanlega starfsgrein sem þeir vilja meina að hún sé, væru þá ekki fleiri konur með öðruvísi bakgrunn að velja þá starfsgrein?

Menn sem sækja í „nánd“ kvenna með þessum hætti vita sjálfir að allt náíð og persónulegt er klippt út úr samskiptunum. Þegar allt kemur til alls er þetta því ekkert annað en önnur, lægra sett, manneskja að veifa kynfærunum sínum framan í þig – hversu erótískt er það? Ergo:

nándin er ekki raunveruleg, ástin engin og einu samskiptin eru þegar hún afhendir líkama sinn í stundarkorn og hann pening. Eins auðvelt og það er að fletta upp kynfærum á internetinu, af hverju þá að eyða pening í einkadansinn?

Ástæðan er jafn augljós og hún er vonlaus. Þetta snýst ekki um dansana heldur snýst þetta um völdin. Völdin sem þeir upplifa sig með þegar þeir kaupa sér aðgang að líkama annarrar manneskju.

Ef sú staðreynd að sala á líkama sé auðveldasta leiðin til þess að eignast pening þá bendir sú staðreynd á kúgað samfélag. Það er eitthvað sem verður að berjast gegn. Þangað til að konur verða álitnar sem manneskjur en ekki hlutir og sem hugsandi verur en ekki kynóð leiktæki, þá heldur baráttan áfram. Þangað til þá get ekki séð kampavínslúbba sem neitt annað en birtingarmynd feðraveldisins og tregðu okkar sjálfra til að breyta samfélaginu í jafna þágu allra.

Vændi er staðreynd á Íslandi

SKOÐUN KL 06:00, 08. DESEMBER 2013



10 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi

SANDRA MARÍN GUNNARSDÓTTIR OG ESTER AUÐBJÖRNSDÓTTIR
FRAMHALDSSKÓLANEMAR

SKRIFA:

Nauðsynlegt er að umræðan um aukinn kynlífsiðnað sé tekin upp í þjóðfélaginu en ekki að henni sé strax stungið undir borðið og flokkuð sem annars flokks málefni. Við ætlum að leyfa okkur að fullyrða, að það sé ekki eðlilegt að fólk líti framhjá þeirri alvarlegu staðreynd að hér á landi sé fólk að selja líkama sinn sér til framfærslu, vegna þess að það sér ekki

farborða öðruvísi.

Á sama tíma og lög segja, að hver sem greiðir fyrir kynlífsþjónustu af nokkru tagi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári, hefur brotafjöldi vegna vændis á Íslandi um það bil tífaldast frá því á síðasta ári. Í dag er nánast jafn auðvelt að kaupa kynlíf eins og hverja aðra neysluvöru. Það er einfaldlega hægt að slá inn leitarorðið „erótískt nudd“ og þar koma fram tugir niðurstaða og margar þeirra innihalda sölu á vændi.

Af hverju njóta kaupendur nafnleyndar? Gæti það verið vegna þess að menn í æðstu stöðum þjóðfélagsins nýti sér neyð þessara kvenna? Það myndi eflaust draga úr vændis kaupum til muna ef leyndinni yrði aflétt og kaupendur nytu ekki verndar. Það hafa eflaust ekki margir játað sök sína fyrir framan vini og vandamenn út af skömminni sem því fylgir að hafa keypt afnot af líkama annarrar mannsekju sér til ánægju.

Vændis kaupandinn eða seljandinn getur verið faðir þinn, bróðir, systir eða móðir. Við höldum að vændis kaupendur skorti fræðslu um hvaða afleiðingar vændið getur haft í för með sér. Þunglyndi, kvíðaröskun, kynsjúkdómar og sjálfsskaðandi hegðun eru aðeins dæmi. Vændi er orðið algengt í umhverfi okkar, klámvæðingin daglegt brauð og það er til að mynda erfitt að finna vægt klám (e. soft porn) á netinu í dag.

Klám verður ofbeldisfyllra með hverjum degi sem líður og því fylgir einnig aukið ofbeldi gagnvart vændisveitendum. Einstaklingar sem kaupa vændi sýna frekar slíka

hegðun þar heldur en heima hjá sér.

Forseti Lettlands hefur lýst yfir áhyggjum sínum á auknum útflutningi kvenna frá Eystrasaltslöndunum til Vesturlanda, þar á meðal Norðurlanda. Glæpahringir plata oft á tíðum þessar konur með gylliboðum um betra líf og vel launaða vinnu, þar á meðal til Íslands.

Þessar konur lifa í mörgum tilfellum við sára fátækt og hafa ekki efni á að hafna boðinu og auk þess virðist þetta vel umtalaða og ríka land nokkuð spennandi. Þrátt fyrir bankahrun og endalaus spillingu er Ísland ein ríkasta þjóð heims. Hreint vatn rennur úr krönum heimilanna, aðgengi að skóla er sjálfsagt og heilbrigðisþjónustan er ein sú besta í heiminum þótt illa gangi að fjármagna hana þessa dagana.

Það er mikil skömm að vændi skuli viðgangast í okkar samfélagi og að öllum virðist sama. Við, sem lítil 320 þúsund manna þjóð, eigum að geta komið í veg fyrir að einstaklingur þurfi að selja líkama sinn sér til framfærslu. Við þurfum að sjá til þess að hver og einn geti afþakkað vinnu sem honum er þvert um geð, hvort sem einstaklingurinn er frá Íslandi eða annarsstaðar frá.

Nokkur ráð til að öðlast aukinn þroska

SKOÐUN KL 06:00, 09. DESEMBER 2013



HJÁLMAR SIGMARSSON

MEISTARANEMI Í KYNJAFRÆÐUM VIÐ CENTRAL EUROPEAN UNIVERSITY

SKRIFAR:

Eins og fólk sem þekkir mig getur staðfest þá verð ég ekki oft orðlaus, en í ár hefur það komið fyrir nokkrum sinnum, nánar tiltekið þrisvar sinnum. Þessi þrjú skipti áttu sér stað þegar ég heyrði fréttir af því að Hæstiréttur hefði snúið sakfellingum fyrir kynferðisbrot í sýknu.

Í kjölfarið hef ég hugsað mikið um þessi tilvik og með hverri sýknun varð þetta mér enn meira hugleikið og oft hugsaði ég með mér „Hvað er málið?“ og hvernig stendur á því að trekk í trekk er verið að sýkna í málum sem nú þegar var búið að sakfella í? Hvað er ég ekki að skilja?

Eða frekar, hvað eru þessir dómarrar ekki að skilja? Sérstaklega í ljósi þess að í þessum þremur málum, skilaði einn dómari séráliti, ein kona, Ingibjörg Benediktsdóttir, á móti fjórum karlkyns dómurum. Það væri kannski rétt að umorða spurningu mína: Hvað eru þessir karlkyns dómarrar ekki að skilja? Sérstaklega í ljósi þess að þeir hafa fengið að heyra mótrök frá samdómara sínum.

Þegar ég var nýlega að hugsa um þessi mál, rakst ég á stutt viðtal við Stefán Mána rithöfund á vef DV („Hef orðið fyrir vakningu”, DV, 21. nóvember 2013). Þegar hann er spurður af blaðamanni hvort hann sé femínisti og hvernig það hafi komið til, þá svarar Stefán: „Ég veit ekki hvort það er hægt að kalla það þroska eða hvað.“

Já, þroski, það er málið og þá var mér hugsað til þeirra sem hjálpuðu mér þegar ég var fyrst að takast á við femínisma og reyna að skilja hluti sem ég hafði ekki fullan skilning á. Þess vegna ákvað ég að taka saman lista af atriðum sem hjálpuðu mér að öðlast aukinn skilning á hlutum eins og reynslu kvenna og kynferðisofbeldi. Hér eru nokkrar tillögur sem ég hef soðið saman úr reynslu minni og kvenna og karla sem ég hef lært mikið af:

Að hlusta

Að setja sig í spor annarra

Að bera virðingu fyrir reynslu annarra

Að gera ekki lítið úr nauðgunum og kynferðisofbeldi

Að fara ekki í vörn þegar talað er um kynferðisofbeldi og karlmenn

Að búa ekki til afsakanir fyrir gerendum

Að leggja ekki áherslu á eða draga fram hluti í fari þolenda sem hafa ekkert með málið að gera, eins og ölvun, klæðnað, o.s.frv.

Að átta þig á því að það er heilmargt sem þú hefur ekki upplifað

Að skilja að það er sumt sem þú hefur ekki skilning á

Að hlusta á fólk sem hefur kynnt sér þessi mál

Að lesa þér til og kynna þér þá þekkingu sem er nú þegar til um þennan málaflokk

Að átta þig á þínum eigin forréttindum og fordómum og hvernig það getur litað hvernig þú upplifir eða túlkar vissa hluti

Þessi listi getur auðvitað verið miklu lengri, en ég vonast til að hann komi samt sem áður að góðum notum.

Að lokum:

Kæru dómara, þegar ég var ungur var mér kennt að bera virðingu fyrir ákveðnum starfstéttum og starfsheitum í samfélaginu, þar á meðal dómurum. En ég hef hins vegar lært það með árunum að virðing er áunnin, hún á ekki að koma af sjálfu sér og hana ber að sýna þegar hlutir eru vel gerðir. Og kæru dómara og kynbræður, ég skal bera virðingu fyrir ykkar störfum þegar þið hafið sýnt að þið eigi hana skilið. Ég vona að listinn hér að ofan hafi áhrif á að þið verðið fyrir vakningu.

Með virðingu,

Hjálmar.

P.S. Vinsamlegast takið ekki þátt í því að skapa eða viðhalda menningu þar sem kynferðisbrot eru ekki refsiverð.

Áríðandi skilaboð til ferðamanna!

SKOÐUN KL 06:00, 10. DESEMBER 2013



MARGRÉT JÚLÍA RAFNSDÓTTIR

VERKEFNISSTJÓRI HJÁ BARNAHEILL

SKRIFAR:

Áríðandi skilaboð til ferðamanna er áletrun á póstkorti sem Barnaheill - Save the Children Íslandi hefur gefið út og er dreift til ferðamanna. Heilsugæslan hefur lagt verkefninu lið með því að hafa kortið sýnilegt og afhenda það þeim sem leita til Heilsugæslunnar áður en þeir leggja í ferðalög til

fjarlæggra landa s.s. til Asíu.

Á hinni hlið póstkortsins er eftirfarandi texti:

Ágæti ferðamaður,

Víða geta ferðamenn átt von á að vera boðið kynlíf með barni. Jafnvel þótt barnið hafi frumkvæði að samskiptunum eða samþykki þátttöku er ávallt um kynferðisofbeldi gegn barninu að ræða.

Öll heimsins börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, svo sem þátttöku í hvers konar kynferðislegum athöfnum, vændi eða klámi. Börn eru einstaklingar undir 18 ára aldri.

Samkvæmt íslenskum lögum geta þeir sem verða uppvísir af kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi, verið dæmdir fyrir það á Íslandi, þótt slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið er framið.

Tilkynntu til ferðaskrifstofunnar, fararstjóra eða lögreglu ef þú hefur grun um að barn sé beitt kynferðisofbeldi. Þannig

leggur þú þitt af mörkum til að vernda barnið gegn ofbeldinu og koma því til hjálpar.

Með dreifingu póstkortsins vilja Barnaheill – Save the Children á Íslandi vekja athygli ferðamanna á því að vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna, leiðast 1-2 milljónir barna í heiminum út í vændi á hverju ári og eru þau gjarnan fórnarlömb mansals.

Þau eru í raun beitt kynferðisofbeldi gegn gjaldi, til dæmis af ferðamönnum. Þeir ferðamenn sem borga börnum fyrir kynlíf, þ.e. fyrir að fá að beita þau ofbeldi, eru að nýta sér neyð barnanna. Flestir ferðamannanna eru frá Evrópu og Bandaríkjunum og ferðast gjarnan til landa þar sem börn búa við fátækt og erfiðar aðstæður.

Mikilvægt er að ferðamenn átti sig á því að einstaklingar teljast börn til 18 ára aldurs. Barnaheill hvetja því ferðamenn að líta ekki undan ef þeir sjá einhvers konar kynferðisleg samskipti fullorðins einstaklings við barn, heldur tilkynna það til ferðaskrifstofunnar, fararstjóra eða lögreglu.

Einnig er hægt að tilkynna í gegn um ábendingalínu

Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

<http://www.barnaheill.is/TilkynnaologlegtefniReportillegalcontent/>.

Heilsugæslustöðvar og aðrir aðilar geta pantað póstkortin með því að senda tölvupóst á **barnaheill@barnaheill.is** eða hringja í síma 5535900.

Verum ábyrgir ferðamenn og líðum ekki að börn séu beitt ofbeldi af hálfu ferðamanna.

Vildi hann kannski vel?

SKOÐUN KL 06:00, 10. DESEMBER 2013



SÓLLILJA GUÐMUNDSDÓTTIR

Í STJÓRN NEMENDAFÉLAGS KVENNASKÓLA REYKJAVÍKUR

SKRIFAR:

Ég þekkti eitt sinn stúlku sem sagði mér sögu sem mig langar að deila með ykkur. Það var hásumar og vinahópur nokkur ákvað að skella sér saman á útihátíð. Þau fóru á tónleika þar sem alls kyns frægir listamenn tróðu upp og skemmtu sér konunglega.

Ein stúlkan úr hópnum kynntist strák, myndarlegum og flottum íþróttastrák, og þau tóku spjall saman. Vinir hennar vissu meira að segja hver hann var; en hann var víst stórt nafn í menntaskólanum sínum og þótti mikill sjarmör. Stúlkan varð spennt fyrir honum og saman gengu þau afsíðis. Þau komu sér fyrir stutt frá tónleikastaðnum og létu vel hvort að öðru.

Skyndilega tók hann í hönd hennar og leiddi hana snögg á fætur og spurði hvort hún vildi ekki koma með inn í tjaldið hans. Það var ekki laust við að fljótfærnin stressaði hana eilítið upp... eða var þetta spenna? Hún sýndi mótþróa í fyrstu en samþykkti svo að fara með honum.

Stúlkan gerði sér ekki grein fyrir því að um nauðgun hefði verið að ræða fyrr en nokkrum mánuðum síðar. Hún sagði nei, hún streittist meira að segja á móti, hún klæddi sig aftur í, hún sneri sér undan og hún reyndi að stama upp afsökunum til þess að fá hann til að hætta. En hún kyssti hann til baka, hún fór með honum inn í tjald og hún leyfði honum að koma sínu fram í fyrstu. Var þetta kannski henni að kenna?

Henni fannst hún einhvern veginn ekki geta skilgreint þetta sem nauðgun. Síðar lærði hún í skólanum þá einföldu og augljósu skilgreiningu að um nauðgun væri að ræða þegar annar aðili gæfi ekki fullt samþykki.

Engin grá lína

Þetta vitum við öll. En skiljum við þetta öll? Það er engin grá lína sem skilur á milli nauðgunar og samfara.

Aðeins 10-11% fórnarlamba nauðgana og kynferðisofbeldis hér á landi tilkynna brotið til lögreglu skv. tölum frá Stígamótum. Ástæður þess að fórnarlömb kynferðisofbeldis stíga ekki fram eru nokkrar. Fórnarlömb trúa oft ekki að eitthvað svo slæmt hafi hent sig, þau fara í afneitun.

Önnur fórnarlömb eru hrædd við útilokun; stígi þau fram fái þau einhvern á móti sér, t.d. fjölskyldu eða vini – og í tilfalli ofangreinds dæmis: heilan vinahóp af vinsælum krökkum í valdastöðu í sama samfélagi. Hin síðasta og líklega mest sláandi ástæða er að mörg fórnarlömb eru hreinlega ekki viss um að um nauðgun hafi verið að ræða; hvort brotamaðurinn hafi nokkuð ætlað sér að meiða þau. Vildi hann kannski vel?

Þessa hugsun getum við rakið til fjölmiðla. Þeir sýna okkur staðlaða mynd af skelfilegum, vopnuðum nauðgara í dimmu húsasundi. Þeir sýna okkur ekki „venjulega“ einstaklinginn – og hvað þá myndarlega og vinsæla einstaklinginn – sem fremur verknaðinn í heimahúsi eða jafnvel á stefnumóti. Fólk treystir heldur ekki réttarkerfinu vegna fjölda niðurfellinga í þessum málum.

Því miður eru nauðgarar ekki sjálflýsandi hætta sem við getum varað fólk við. Í flestum tilvikum þekkir fórnarlambið geranda sinn. Dæmið sem ég tek er því lýsandi fyrir margar nauðganir. Dæmið er ekki sláandi eða blóðugt en engu að síður grafalvarlegt. Afleiðingin er sú að fólk stígur oft fram árum eða áratugum eftir að ofbeldið var framið.

Við eigum ekki að hræðast alla sem við mætum úti á götu en við þurfum að vera meðvituð um vandamálið. Venjulegur hversdagsleikinn má ekki hlífa nauðgaranum. Það þarf að opna umræðuna um kynferðisofbeldi og tala jafn opinskátt um það eins og önnur ofbeldisbrot.

Slasaður einstaklingur fær þegar í stað læknishjálp þar sem áverkar hans eru sýnilegir. Einstaklingur, sem er beittur kynferðislegu ofbeldi og hefur oft ekki sýnilega áverka, þarf að ferðast langa leið og útskýra, jafnvel fyrir nokkrum, af hverju hann hyggst leita sér aðstoðar. Kynferðisofbeldi á sér stað allt í kringum okkur og því verðum við að horfast í augu við vandamálið. Fyrir fáum við ekki fórnarlömb til að tala. Með því að þegja gerum við engum greiða – nema nauðgaranum.

Munnmök eru nýi góða nótt kossinn

SKOÐUN KL 06:00, 10. DESEMBER 2013

16 DAGA átak gegn kynbundnu ofbeldi



HANNA BJÖRG VILHJÁLMSDÓTTIR

KENNARI Í KYNJAFRÆÐUM VIÐ BORGARHOLTSSKÓLA

SKRIFAR:

Titill greinarinnar vísar í bók sem kom út í Kanada fyrir nokkru, „Oral sex is the new good night kiss“, og fjallar um áhrif klámvæðingar á kynhegðun ungmenna.

Klám er kynferðislegt efni með niðurlægingu, ofbeldi og drottun. Oftast eru karlar í drottunarhlutverkinu – konur undirskipaðar og verða fyrir ofbeldinu og niðurlægingunni. Langmest af kynferðislegu efni á netinu er klám. Íslenskir strákar eru ca. 11 ára þegar þeir byrja að horfa á klám. Sumar stelpur horfa líka en yfirleitt ekki til kynferðislegrar örvunar, sem strákar gera. Kynhlutverkin eru skýr í kláminu, skilaboð eru send til stráka og stelpna um kynhegðun.

Klámvæðingin sér svo um að gera þessi skilaboð að normi – því sem er eðlilegt. Strákar læra til hvers er ætlast af þeim og hverju þeir eiga að búast við frá stúlkum – og öfugt. Klámið er stútfullt af kvenfyrirlitningu sem síast inn í okkar daglega líf með klámvæðingunni.

Klámvæðingin er fyrir ungmennin eins og sjórinn fyrir fiskana. Hefur áhrif á sjálfsmynd, væntingar til þeirra sjálfra og annarra, kynverund, hegðun, samskipti og viðhorf.

Dæmi um skaðann

„Af hverju leyfðir þú honum ekki bara að klára?“ spurði stúlka vinkonu sína sem hafði stigið fram og sagt að „vinur“ hennar hefði áreitt hana kynferðislega. Þetta er jú bara það sem er ætlast til af okkur – lá í orðunum.

Stúlkur hafa leitað til Stígamóta eftir „kynlíf“ með kærustum sínum. Af hverju?

Strákar vilja gera það sem þeir sjá í klámi. Klámið sýnir að stelpur vilji harkalegt kynlíf. Strákar hafa valdið. Stelpurnar í poppmenningunni eru alltaf kynferðislegar. Dagskipun Gonzo klámsins er að stelpur hafa þrjú göt – til að nota. Þessar myndir eru yfirfærðar á veruleikann. Enginn hefur sagt ungum mönnum annað en að klámið sé finn leiðbeiningabæklingur um kynlíf og allt sé þar í himnalagi.

Strákar eru ekki knúnir áfram af mannvonskulegri greddu heldur eru þeir ofurseldir boðskapnum úr kláminu. Að tilheyra karlaboxinu þýðir að horfa á klám. Afleiðingin getur verið að fara yfir mörk í kynlífi – sín eigin og bólfélagans. Þetta er normið. Ekkert til að tala um. Deal with it. Ef niðurlæging og ofbeldi eru altari klámsins, eru stór brjóst og rakaðar þíkur nauðsynlegir skrautmunir.

Brjóstastækkun er jafn sjálfsgöð aðgerð og hálskirtlataka. Hver ákvað að stór brjóst væru eins nauðsynleg hverri konu og tvö eyru? Klámpíkan er hárlaus, bleik og slétt – eins og á barni. Skilaboðin? Allar þíkur sköllóttar thank you very nice. En þá koma hin ólíku andlit þíkna í ljós. Þíkufegrúnaraðgerð er lausn sumra sem ekki uppfylla klámpíkustaðalinn. Bara villikonur eru með loðna þíku.

Kynhegðun kvenna er ekki þeirra einkamál. Drusludómur vofir yfir ef fjöldi rekkjufélaga fer yfir leyfilegt hámark karlhannaða kynjaboxins bleika. Stúlkur eru dæmdar fyrir að gera nákvæmlega það sem ætlast er til af þeim í klámvæddum kröfum um kynhegðun.

Samfélagslegur þrýstingur er öflugur. Það þarf ekki hlekki eða hótanir – hinn gagnrýnislausu félagslegi þrýstingur sér til þess að allir fari eftir alltumlykjandi ósýnilegum reglum sem allir kunna, þekkja og fara eftir til að viðhalda félagslegri stöðu. Það þarf sterk bein til að stíga út fyrir klámmenningarheiminn – nú, eða kynjafræðslu.

Tengdar greinar og viðtöl

Orðsending til íslenskra karlmannna:

viðtal Sindra Sindrasonar við Hrafnhildir Ragnarsdóttur í Íslandi í dag

Orðsending til íslenskrar umræðuhefðar

höfundur: Erla Elíasdóttir

Karlmenn sem elska konur

Valur Heiðar Sævarsson skrifar

Íslenskir feður kaupa vændi fyrir syni sína:

Jón Júlíus Karlsson fréttamaður á Stöð 2 lýsir heimi vændis á Íslandi

"Kynjafræði er búin að eyðileggja líf mitt"

Helga Guðrún Kristjánsdóttir, nemandi við VMA

Myndir frá Ljósagöngu UN WOMEN